

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/583

2016/EES/52/39

frá 15. apríl 2016

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1332/2011 um sameiginlegar kröfur um notkun loftrýmis og verklagsreglur fyrir árekstravara í flugi (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og niðurfellingu tilskipunar ráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 og tilskipunar 2004/36/EB⁽¹⁾, einkum 5. mgr. 8. gr. og 4. mgr. 9. gr.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1332/2011⁽²⁾ er þess krafist að flugvélar, knúnar hverfihreyflum, sem eru með skráðan hámarksflugtaksmassa sem er meiri en 5700 kg eða sem hafa heimild til að flytja fleiri en 19 farþega, séu búnar nýrri útgáfu hugbúnaðar, útgáfu 7.1, fyrir árekstrarvarakerfi í flugi II (ACAS II) til að forðast árekstur í lofti. Þessi krafa gildir einnig um flugrekendur tiltekinnar flugvéla sem eru skráðar í þriðja landi.
- 2) Í reglugerð (ESB) nr. 1332/2011 er þess einnig krafist að flugrekendur í Sambandinu, sem falla undir reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3992/91⁽³⁾, setji upp nýja útgáfu hugbúnaðar, útgáfu 7.1, fyrir ACAS II í flugvélar sínar. Þetta ákvæði er hins vegar úrelt þar sem reglugerð (EBE) nr. 3922/91 gildir ekki lengur um þessa flugrekendur vegna þess að III. viðauki hennar hefur verið felldur brott. Þess í stað gildir reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012⁽⁴⁾ nú um þessa flugrekendur og inniheldur nauðsynlegar reglur í þessu samhengi. Því ætti að fella brott úrelt ákvæði reglugerðar (ESB) nr. 1332/2011.
- 3) Í reglugerð (ESB) nr. 1332/2011 er að finna reglur um verklagsreglur sem gilda við aðstæður þar sem ACAS II-búnaðurinn gefur flugliðum ráðleggingu þar sem mælt er með flugbragði til að tryggja aðskilnað flugvélarinnar frá allri ögn eða til að viðhalda þeim aðskilnaði sem fyrir er (ráðleggingar). Þar sem þessar reglur eru mikilvægar með tilliti til öryggis bæði fyrir flugmenn og flugumferðastjóra, einkum að því er varðar skilflötinn milli þeirra, væri best að fjalla heldur um þær í framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 923/2012⁽⁵⁾. Því ætti að fella reglurnar varðandi slíkar verklagsreglur brott úr reglugerð (ESB) nr. 1332/2011.
- 4) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 1332/2011 til samræmis við það.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, byggjast á álit (6) Flugöryggisstofnunar Evrópu í samræmi við b-lið 2. mgr. 17. gr. og 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 65. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 101, 16.4.2016, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 156/2016 frá 8. júlí 2016 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. ESB L 79, 19.3.2008, bls. 1.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1332/2011 frá 16. desember 2011 um sameiginlegar kröfur um notkun loftrýmis og verklagsreglur fyrir árekstravara í flugi (Stjtið. ESB L 336, 20.12.2011, bls. 20).

(3) Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 frá 16. desember 1991 um samræmingu á tæknikröfum og stjórnsýslumeðferð á sviði flugmála (Stjtið. EB L 373, 31.12.1991, bls. 4).

(4) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 frá 5. október 2012 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða flugrekstur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtið. ESB L 296, 25.10.2012, bls. 1).

(5) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 923/2012 frá 26. september 2012 um sameiginlegar flugreglur og rekstrarákvæði varðandi þjónustu og verklagsreglur fyrir flugleiðsögu og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1035/2011 og reglugerðum (EB) nr. 1265/2007, (EB) nr. 1794/2006, (EB) nr. 730/2006, (EB) nr. 1033/2006 og (ESB) nr. 255/2010 (Stjtið. ESB L 281, 13.10.2012, bls. 1).

(6) Álit Flugöryggisstofnunar Evrópu nr. 04/2014 frá 16. desember 2014 um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 923/2012 um sameiginlegar flugreglur og rekstrarákvæði varðandi þjónustu og verklagsreglur fyrir flugleiðsögu (SERA C-hluti)

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 1332/2011 er breytt sem hér segir:

- 1) Ákvæði 4. gr. falli brott.
- 2) Í stað 2. og 3. mgr. 5. gr. komi eftirfarandi:
„2. Ákvæði 3. gr. skulu koma til framkvæmda frá og með 1. mars 2012.
3. Þrátt fyrir 2. mgr. gilda ákvæði 3. gr. frá og með 1. desember 2015 fyrir loftför með sérstakt lofthæfivottorð sem gefið er út fyrir 1. mars 2012.“
- 3) Í stað viðaukans komi textinn í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 25. ágúst 2016.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. apríl 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

„VIÐAUKI

Árekstrarvarakerfi í flugi (ACAS) II

(ACAS-hluti)

AUR.ACAS.1005 Kröfur um afkastagetu

- 1) Eftirfarandi flugvélar, knúnar hverfihreyflum, skulu búnar árekstrarvaravirkni útgáfu 7.1 af ACAS II:
 - a) flugvélar með skráðan hámarksflugtaksmassa sem er yfir 5700 kg,
 - b) flugvélar sem hafa heimild til að flytja fleiri en 19 farþega.
- 2) Loftför, sem ekki er getið um í 1. lið og sem eru búnar ACAS II að eigin frumkvæði, skulu vera með árekstrarvaravirkni af útgáfu 7.1.
- 3) Ákvæði 1. liðar gilda ekki um ómönnuð loftfarskerfi.

AUR.ACAS.1010 Þjálfun í notkun ACAS II-búnaðar

Flugrekendur skulu koma á verklagsreglum fyrir ACAS II og þjálfunaráætlanir skulu þannig útfærðar að flugliðar fái fullnægjandi þjálfun í að forðast árekstra og verði hæfir til að nota ACAS II-búnaðinn.“

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2014/90/ESB

2016/EES/52/40

frá 23. júlí 2014

um búnað um borð í skipum og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 96/98/EB (*)

EVROÞUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFU,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 2. mgr. 100. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ⁽¹⁾,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hnattrænt eðli sjóflutninga kallar á að Sambandið beiti alþjóðlegum regluramma um siglingaöryggi og styðji við hann. Samkvæmt alþjóðasamningum um siglingaöryggi eiga fánaríki að tryggja að búnaður um borð í skipum uppfylli tilteknar öryggiskröfur að því er varðar hönnun, smíði og nothæfi sem og að gefa út viðeigandi skirteini. Alþjóðasiglingamálastofnunin (IMO) og alþjóðlegar og evrópskar staðlastofnanir hafa í þessu skyni samið ítarlega nothæfis- og prófunarstaðla fyrir tilteknar gerðir búnaðar um borð í skipum.
- 2) Alþjóðlegir gerningar veita fánayfirvöldum umtalsvert ákvörðunarsvigrúm. Þegar samræmingu skortir hefur það í för með sér að öryggi búnaðarins, sem lögbær landsyfirvöld hafa vottað að uppfylli kröfur þessara samninga og staðla, er mismunandi og það af leiðandi hefur það áhrif á snurðulausa starfsemi innri markaðarins þar sem erfitt verður fyrir aðildarríkin að samþykkja, án frekari sannprófana, að búnaði, sem önnur aðildarríki hafa viðurkennt, sé komið fyrir í skipum sem sigla undir fána þeirra.
- 3) Þessi vandamál má leysa með samræmingu á vettvangi Sambandsins. Í tilskipun ráðsins 96/98/EB ⁽³⁾ er þannig mælt fyrir um sameiginlegar reglur til að koma í veg fyrir að alþjóðlegum stöðlum sé beitt með mismunandi hætti með því að nota skýrt skilgreindar kröfur og samræmdar vottunaraðferðir.
- 4) Ýmsir aðrir gerningar í löggjöf Sambandsins, þar sem m.a. er mælt fyrir um kröfur og skilyrði til að tryggja frjálsa vöruflytninga á innri markaðinum eða umhverfisvernd, að því er varðar tilteknar vörur sem eru af svipuðum toga og búnaður um borð í skipum en uppfylla ekki alþjóðlega staðla, kunna

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 257, 28.8.2014, bls. 146. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 163/2016 frá 26. ágúst 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 161, 6.6.2013, bls. 93.

⁽²⁾ Afstaða Evrópuþingsins frá 15. apríl 2014 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindunum*) og ákvörðun ráðsins frá 23. júlí 2014.

⁽³⁾ Tilskipun ráðsins 96/98/EB frá 20. desember 1996 um búnað um borð í skipum (Stjtið. EB L 46, 17.2.1997, bls. 25).